

213/14

Fundur haldinn í héraðsráði þriðjudaginn 10. ágúst 2004 kl. 10:00 á skrifstofu héraðsnefndar að Húnabraut 32 á Blönduósi. Mætt voru: Valgarður Hilmarsson, Jóhann Guðmundsson og Magnús B. Jónsson.

Dagskrá:

1. Rekstur héraðsnefndar
  2. Bréf skoðunarmanna
  3. Bréf menntamálaráðuneytis
  4. Akstur í Fjölbautarskólann
  5. Bréf Lex ehf. (lögmannsstofu)
  6. Bréf Helga Arnarsonar
  7. Önnur mál.
1. Fyrir fundinum lágu drög af samningum um vistun bókhalds og framkvæmdastjórn héraðsnefndarinnar í samræmi við afgreiðslu héraðsnefndarfundar 16. júní s.l. Voru þau samþykkt og undirrituð.
  2. Lagt fram bréf frá skoðunarmönnum þar sem þeir eru með ábendingar um rekstur héraðsnefndarinnar.
  3. Bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir að sveitafélög á svæðinu tilnefni tvo aðalmenn og tvo varamenn í skólanefnd Fjölbautarskóla Nl.vestra. Tilnefningunni er vísað til SSNV sem hefur tilnefnt í skólanefndina
  4. Oddviti skýrði frá að hann hefði haft samband við aðstoðarskólameistara um daglegan akstur í skólann, en það er mat skólamanna að þátttaka sé ekki næg til að fjárhagslegar forsendur séu fyrir daglegum akstri í skólann. Samþykkt að vinna áfram að málinu og óska eftir fundi með stjórnendum skólans.
  5. Lögmannsstofan Lex ehf óskar eftir afritum af gögnum vegna verðkönnunar héraðsnefndarinnar á vistun bókhalds. Oddvita falið að svara erindinu.
  6. Í bréfi Helga Arnarsonar óskar hann eftir viðræðum um hugsanleg kaup á Árbraut 35. Oddvita falið að ræða við Helga um efni bréfsins.
  7. Önnur mál.  
Magnús skýrði frá að fulltrúar frá heilbrigðisráðuneytinu hefðu komið 6. ágúst til Skagastrandar til að skoða heilsugæslustöðina á Skagaströnd og nýbygging þar var einnig til umræðu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.

-----  
Valgarður Hilmarsson  
(sign)

-----  
Jóhann Guðmundsson  
(sign)

-----  
Magnús B. Jónsson  
(sign)